

Akureyri 22. ágúst 2019

## Ellert Örn Erlingsson – deildarstjóri íþróttamála

**Efni:** Heimsmeistaramót á Akureyri

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum er búið að staðfesta að heimsmeistaramótið í íshokki kvenna verði haldið á Akureyri árið 2020. Þetta er mikil ábyrgð en ekki síður frábær viðurkenning fyrir félagið og Akureyri sem mótshaldara fyrir mót af þessari stærðargráðu og nú í annað sinn. Það verður á herðum Skautafélags Akureyrar að veita aðstöðu til mótahaldsins í Skautahöllinni og því vel.

Til þess að geta haldið mótið eins vel og unnt er með aðstöðuna sem er í boði óskum við eftir smávægilegum framkvæmdum í Skautahöllinni áður en mótið hefst. Skautahöllina sem slík er ekki í stakk búin til þess að mæta öllum kröfum alþjóðasambandsins. Alþjóðasambandið hefur slegið ríkulega af kröfunum vegna smæðar mótsstaðarins en einnig þar sem að öll önnur umgjörð hefur verið til fyrirmyndar. Akureyrarbær kom hratt og vel til móts við Skautafélagið með nauðsynlegum breytingum á höllinni árið 2017 með stækkun á búningsherbergjum til þess að mæta lágmarkskröfum um stærðir búningsherbergja. Félagsmenn Skautafélagsins reistu einnig gámabyggingu til þess að geyma búninga keppnisliðanna og byggðu blaðamannastúku en þannig náðist í sameiningu að mæta þeim kröfum sem settar voru á mótið árið 2017. Þetta fyrirkomulag gekk nokkuð vel fyrir sig en annað og mun stærra vandamál gerði vart við sig á mótinu. Það er vöntun bæði á allri félagsaðstöðu og æfingarsvæði utan ís. Hljúu rýmin í Skautahöllinni eru nánast engin og því engin raunveruleg aðstaða fyrir alþjóðlegt starfslið sem vinnur á mótinu. Nú er sennilega of stuttur tími til stefnu til þess að fara í nauðsynlegar framkvæmdir til þess að útbúa nauðsynleg rými. Mögulega er þó hægt að gera höllina vistlegri fyrir starfsfólk og gesti hallarinnar með hækkan á hitastiginu í höllinni. Við óskum því eftir úttekt á loftræstikerfi Skautahallarinnar sem gerð er af viðeigandi sérfræðingum í loftræstikerfum og stýrikerfum til þess að kanna möguleika, umfang og kostnað við það að hækka lofthita Skautahallarinnar. Ef matið er svo að mögulegt er að hækka hitann með smávægilegu inngripi t.d með breytingum í stýrikerfi eða með því að færa upphitun undir áhorfendapalla viljum við óska eftir því að sú framkvæmd yrði gerð fyrir Heimsmeistaramótið sem haldið verður í febrúar 2020. Þá óskum við einnig eftir því að bætt verði við hurð inn í þurrkherbergi í 3. klefa. Þar sem að öll lið þurfa þurrkaðstöðu en við höfum einungis fjóra klefa þyrfti að vera sér hurð inn í þetta þurrkrými svo liðin geti fært búnaðin sinn á milli klefa án þess að þurfa að fara í gegnum búningsherbergi annars liðs.

F.h Skautafélags Akureyrar

Jón Benedikt Gíslason  
Framkvæmdastjóri